

Fundur 26.2.2024 Gandi.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Fagna ég að koma í sambandið, tölum við úr stjórnusambandsstöð og bjart er hér yfir og vona ég að friður og orka megi fylla ykkur og hefur verið í mörg horn að líta, þar sem Jahve er kominn á kreik og margar afleiðingarnar af því.

Og þykir mér leitt að ekki get ég farið út í öll þess mál í smáatriðum en höfum við oft verið að fylgjast með ykkar fundi og sendum ykkur orku og teljum þennan fund hafa gengið vel og óskum við þess mjög að þið fáið fleiri miðla og þjóð ykkar taki sem best við sér í þessu efni.

Og höfum náð að magna ykkur og efla hér í kvöld, það er nú svo að ég finn fyrir því, að í hvert sinn sem við þurfum að leggja okkur í hættuför og hjálpa þeim sem illa eru staddir, að það tekur tíma að fá orku aftur.

Og koma á jafnvægi þar sem áður var komið í lag, mín fjölmenna þjóð hefur ekki farið varhluta af árásum helstefnu aflanna í geimnum og munum við kannski segja frá því í framtíðinni ef okkur tekst að koma á sambandi fljótlega.

Og hafa þær hörmungar verið í formi náttúruhamfara og drepsóttar og innrásar frá þessum helstefnu öflum, en vonum við að það fari nú að draga úr því og einnig góðar fréttir af árangri gegn þeim helstefnu öflum.

En þegar ég lít á framtíðina sé ég bjarta framtíð fyrir mína þjóð og mun hún verða meira leiðandi en áður og vonandi með friðsamlegri hætti en aðrar stór þjóðir í mannkynssögunni á undan, en allt á það eftir að koma í ljós.

Og tel ég að Hindúatrúarbrögð okkar komi þar að gagni, er þetta Gandi.

*Vertu velkomin Gandi.*

Já.

*Hvað er drekinn að bardúsa núna hann Jahve ?*

Já ég þori ekki alveg að fara út í það nánar, en gæti haft slæm áhrif á orkuna, en það má segja að við séum að slökkva elda og vera í skaða minnkandi aðgerðum, að það vildu koma á ákveðnu harmageddon ástandi fyrir tveimur árum eða svo.

Mætti ýmislegt um það segja en tel að væri ekki gott að sinni að fara út í það en munum kannski athuga það síðar, þakka ég fyrir spurninguna, munum áreiðanlega fara út í þetta nánar þakka þér fyrir.

Ætla ég nú að kveðja ykkur að sinni og vonum að vel gangi og þakka ég fyrir og verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll.*